

GLÖGGT ER GESTS AUGAÐ

ÚRVAL FERÐASAGNA UM ÍSLAND

SIGURÐUR GRÍMSSON

VALDI KAFLANA
OG SÁ UM ÚTGÁFUNA



Reykjavík 1946

MENNINGAR- OG FRÆÐSLUSAMBAND ALÞÝÐU

MARÍA SAVI-LOPEZ:

Akureyri

María Savi-Lopez var vel metin og vel menntuð ítölsk kona af spænskum ættum, f. í Napolí árið 1846. Hugur hennar hneigðist mest að hljómlist og uppeldismálum, en síðar vakti hún athygli á sér sem rithöfundur. Hún er höfundur margra bóka um hin sundurleitustu efni, þar á meðal bóka, er varða Norðurlönd almennt og Ísland sérstaklega, svo sem Letteratura islandese (Ísl. bókmenntasaga) og Nei paesi del Nord (Á Norðurlöndum, 1893), en úr síðarnefndri ferðasögu er sá kafli tekinn, sem hér fer á eftir.

Við vorum einn dag í viðbót á bænum hjá hverasvæðinu, til þess að Miss Margaret og unglíngarnir gætu jafnað sig dálítið, en síðan héldum við aftur til Reykjavíkur. Við höfðum þó enga viðdvöl í bænum að þessu sinni, þar eð við vorum þegar orðin gagnkunnug staðnum, og fórum við þess vegna strax um borð í Vittoríu, sem að fám stundum liðnum renndi sér á skrið norður með hinum hættulegu Íslandsströndum, og það ekki allfjarri þeim, í áttina til heimskautsbaugsins og íshafsins.

Þennan dag og þann næsta skemmti unga fólkið sér við að horfa á þessa undarlega sundurskornu strönd með heljarstórum dröngum og hyldjúpum vogum og grænu engjunum, sem nýbúið var að slá, en gnæfandi yfir það allt voru hinir svípmiklu „fannhvítu jöklanna tindar“, sem lauguðust bjartasta litskrúði um sólarlagið, frá kl. 10 til 11 á kvöldin, og svo aftur um sólarupprásina.

Fowl skipstjóri átti erindi til Flateyrar, einnar af þessum litlu verzlunarstöðvum, sem liggja dreift á ströndinni.

Lagði hann því skipinu fram undan staðnum og fór í land með ferðafélögum sínum. Og þar urðu þeir sjónarvottar að merkilegum atburði.

Kaupskip nokkurt, sem lá skammt frá Vittoríu, hafði komið með mikið af vörum, og var nú verið að selja þær undir beru lofti á svæðinu milli fjörunnar og litlu timburhúsanna í þorpinu, þar eð ekki var til húsrúm, er hefði mátt nota sem sölubúð. Varningnum var raðað upp þannig, að hann myndaði hálfhring bak við langborð eitt, en upp við það stóð skipstjórinn á kaupskipinu og hjá honum nokkrir hinna málsmetandi manna í Flateyrarþorpi. Skammt þar frá stóðu menn og konur í þyrpingu, höfðu komið þangað ásamt börnum sínum hvaðanæva af landinu til að kaupa nauðsynjar til vetrarins. Og litlu reiðskjótarnir þeirra voru á beit rétt þar hjá. Verzlunin gekk greiðlega, án þess að mörg orð væru töluð, en margir kaupendurnir greiddu skipstjóranum ekki í peningum, heldur höfðu vöruskipti við hann, létu hann fá fisk, fjaðrir, ull, hesta og kindur upp í úttektina.

Silvía starði undrandi á þessa þegjandalegu Íslendinga, sem varla bærðu á sér, þótt þeir væru þarna svo margir saman komnir. Hún var vön ákafanum í Napolíbúum og hávaðanum, sem aldrei lætur sig vanta á sölutorgum Ítalíu, ekki sízt í Napolí, þegar margt fólk kemur saman.

Skipstjórinn kom brátt auga á þá menn í mannþyrpingunni, sem hann átti erindi við, og eftir svo sem einn klukkutíma gat hann aftur farið með ferðafólkinu um borð í Vittoríu, sem nú tók stefnuna í átt til Hornbjargs og sigldi fram hjá Ísafirði, þar sem við saum annað fiskimannaþorp blasa við okkur alveg niðri í fjöru.

Ekki langt undan þeim stað lágu fjöldamörg frönsk skip, mönnuð sjómönnum, sem höfðu ásett sér að stunda fiskveiðar á þessum óblíðu, afskekktu slóðum. Það var mjög ánægjulegt að sjá svo miklar skipaferðir á þessum stað og þrífrita fána alls staðar blaktandi, og unglíngarnir horfðu með fögnuði og athygli á hina óvæntu sjón . . .

Skipinu tókst vel og greiðlega að sveigja fyrir Hornið og sigldi nú seglum þöndum um Norðuríshafið, unz við komum til Akureyrar, sem er lítill og ljótur bær, hinn næststærsti á Íslandi.

Miss Margaret leið illa, hún hafði ekki enn þá losnað að fullu við taugaóstyrk þann, sem hræðslan við hafísinn hafði valdið henni, og nú var öll von hennar og þrá tengd við þá stund, er hún fengi aftur að líta augum hið snotra herbergi sitt í kastala Hollands lávarðar, ef hún ætti að verða svo lánsöm að umflýja dauðann í öldum úthafsins eða á hraunbreiðum Íslands. Henni varð ofurlítið hughægra, er hún minntist þess, að Akureyri væri staður, þar sem skipið gæti lagzt upp að landinu við bryggju, án þess að því væri hætta búin af flúðum og skerjum, og þar væru hús, sem mannverur byggju í.

En undrun hennar var mikil, er hún sá marga ísjaka á floti fram undan Akureyri, og hræðslan greip hana aftur, vegna þess að Vittoríu var siglt með svo mikilli varúð og hægð inn á milli jakanna.

Fegin var hún að fara í land með hinu ferðafólkinu, og enda þótt þessi næststærsta borg Íslands, með einum þúsund íbúum, væri ekki annað né meira en lítilfjörlegt þorp, horfði allt ferðafólkið með velþóknun á litlu timburhúsin tvílyftu, sem máluð voru ýmist hvít eða gul og voru reist á eins konar uppfyllingu í fjörunni. Gluggar þeirra voru fjarskalitlir, en fyrir þeim voru fallega útsaumuð tjöld og blóm í gluggakistunum. Skipstjórinn benti upp í gluggana og mælti til unga fólksins:

— Að sumrinu til er ekki erfitt fyrir íbúa Akureyrar að halda blómum við, þó að hitinn sé venjulegast aðeins fáein stig yfir núlli. En á veturna þurfa þeir að sýna stökustu nákvæmni til þess að halda þeim ferskum innan húss. Þið getið ímyndað ykkur, hvers virði það er fyrir þetta vesalings fólk, sem er innilukt svo mikinn hluta ársins af ölduróti íshafsins og óyfirtíganlegum hrönnum borgaríssins, að sjá eitt lítið blóm opnast á grænum stilk um hávetur.



La Vittoria í hafisnum.

Annars er þetta fólk jafngefið fyrir það og íbúar Reykjavíkur að halda íbúðum sínum hreinum og þokkalegum bæði vetur og sumar.

Ferðafólkið hafði áður séð mikið af fiski breitt út til þerris, bæði í höfuðborg Íslands og höfuðborg Færeyja, en ekki hafði það innan um allan þann fisk fundið jafnflökrandi sterkan daun eins og þann, sem gaus á móti því út úr göturangölunum á Akureyri, sem voru bókstaflega þaktir fiskhausum, hryggjum og sporðum, og var sem hver steinn í götunni gljáði af slori. Skipstjórinn sagði við Hrólfi, sem næstur honum gekk:

— Það eru til þeir fátæklingar á Akureyri, sem hafa ekki peninga til að kaupa sér vistir, þegar kaupskipin koma, og lifa þeir mestan hluta ársins á þurrkuðum fiskhausum, en fiskurinn sjálfur er sendur til ýmissa landa Evrópu, þar sem engum dytti í hug að leggja sér hausana til munns. Hausarnir eru soðnir og þannig matbúnir bæði handa mönnum og skepnum. Soðið af þeim er gefið hestunum, og þeir eru sólgirnir í það, en þó ferst mikill fjöldi þeirra á hverjum vetri, því að hey skortir að gefa þeim.

— Er það satt, spurði Sir James skipstjóran, — að hér á Akureyri séu hæstu trén, sem til eru á Íslandi?

— Já, svaraði skipstjórinn, — og nú eru aðeins fimm eftir, hið hæsta gæti ég hugsað, að sé um tíu fet á hæð. En Íslendingarnir eru stoltir af þessari eign sinni. Til allrar hamingju skortir hér ekki trjávið, því að Golfstraumurinn flytur hingað upp að ströndunum hin mestu kynstur af honum frá Mexíkó, Virginíu og Karólínueyjum.

Þegar hér var komið sögunni, sá ferðafólkið, að menn þyrptust saman á einum stað í fjörunni, og samtímis kváðu við nokkur byssuskot. Skipstjóran renndi grun í, hvað um væri að vera: sjálfsagt einhver hvítabjörn, sem hefði komið siglandi inn á Akureyrarhöfn á einum ísjakanum að norðan, og var honum nú heilsað með nokkrum haglaskotum.

En áður en skotvopnin komu til sögunnar, fóru hvítabirnirnir af ísjökunum og upp í land óáreitir og gerðu

mikinn usla í kvikfénaði bænda. Þorpsbúar urðu að finna ráð til að leggja þá að velli hið bráðasta. Nú hélt skipstjórinn niður í fjöruna og ferðafólkið á eftir, og sáu þau þá heljarmikinn hvítabjörn, helsærðan eftir höglin úr byssunni, sem barðist um ákaflega á einum ísjakanum þar við landið. Unglingarnir horfðu forvitnislega á dýrið, sneru svo við og héldu upp í bæinn, komu þá að timburhúsi, sem skipstjórinn fylgdi þeim inn í, sagði, að þetta væri bókasafn staðarins og hefði að geyma um 3000 bindi.

Mikil var undrun unga fólksins, er það sá þarna, á endimörkum hins byggða heims, hið snoturlegasta bókasafn, þar sem ekki skorti ýmis merkileg rit bæði frá gömlum tímum og þeim síðustu. Skipstjórinn fræddi þau á því, að á Akureyri væru einnig til tvær prentsmiðjur, enda væru íbúar staðarins, eins og aðrir Íslendingar, mjög bókhneigðir og einkum vel heima í hinum þjóðlegu fræðum sínum. Þó væri sú þjóðrækni ekki til fyrirstöðu því, að þeir fylgdust af áhuga með því, sem bezt kom fram í bókmenntum stórþjóðanna.

Það tók ekki langan tíma hjá ferðafólkinu að skoða Akureyri, og áður en varði, hafði það gengið götur bæjarins á enda. Sir James hafði alltaf kviðið fyrir því, að veðrið myndi spillast, svo að Vittoría yrði að hafa langa viðdvöl á Akureyri. Þess vegna var hann mótfallinn því, að farþegarnir færu að skoða sig um í nágrenninu, enda var þar ekkert sérstakt að sjá, en aftur færi dýrmætur tími til spillis, meðan sjórinn var kyrr og auðvelt að komast til Reykjavíkur aftur. Hann hafði því ákveðið að leggja af stað strax næsta morgun, og til að njóta þeirra fáu klukkustunda, sem hann gat enn verið í landi, ákvað hann að fara með farþega sína og þjóða þeim upp á kvöldverð í einasta gistihúsinu, sem var þar á staðnum.

Ferðafólkið átti aðeins fá skref eftir að gistihúsi þessu, sem var að sjá hinn aumasti kumbaldi, þegar það mætti Íslendingi, sem leiddi fallega, ljóshærða stúlku, klædda svipuðum búningi og kvenfólkið í Reykjavík, með hina venju-

legu svörtu hettu á höfðinu. Hann virtist glaður yfir því að hitta þarna Fowl skipstjóra, sýndi honum stúlkuna, sem hann sagði, að væri eina barnið sitt og komin fyrir fám dögum frá kennaraskólanum í Reykjavík, sem hún nú hefði lokið námi við.

Skipstjórinn tók fast og innilega í hönd honum og kynnti hann fyrir farþegum sínum, sagðist hafa kynnt honum fyrir nokkrum árum á einni af hinum stuttu viðkomum sínum á Íslandi. Íslendingurinn vildi endilega, að allt ferðafólkið kæmi heim til sín. Fannst bæði skipstjóranum og Sir James, að það væri ókurteisi af þeim að neita slíku boði, og sá varð endirinn, að allt fólkið lagði leið sína upp að húsi hans, sem er eitt af þeim snotrustu á Akureyri.

Stúlkan, — hún hét Hilda —, var hin alúðlegasta við Silvíu, Amy og Miss Margaret, strax og þær höfðu verið kynntar, og talaði hún við þær á reiprennandi ensku, en það mál sagðist hún hafa lært í skólanum. Þegar komið var inn í húsið, tók hún þær eins og gamlar vinkonur með sér og sýndi þeim bækurnar sínar og falletu blómin, sem hún ræktaði í blómsturpottum með aðdánlegri kostgæfni til þess að skreyta með þeim húsakynnin, en þau voru í sannleika sagt hin prýðilegustu, þegar inn var komið, með mjúkum teppum á gólfum í hverju herbergi og glæsilegum húsgögnum, sem fengin voru frá Skotlandi eða Kaupmannahöfn.

Hinn alúðlegi Íslendingur lét í ljós mikla gleði yfir því að hitta okkur, og það var ekki að tala um annað en við þægjum að borða kvöldverð heima hjá honum. Skemmti hann okkur með frásögnum af því, hversu hann lifði lífinu á Akureyri. Af ræðu hans mátti skilja, að hann var menntaður maður, og einkum fjölyrti hann um landið sitt og á þann veg, að það gat ekki verið óyndislegt að búa þar, þótt landið væri eldinum ofurselt og í marga mánuði ársins umlukt af ís, auðnarlegt og dapurt, með „brjóstin nakin og fölar kinnar“. Það var þó alltaf hin „ástkæra fósturmold“, þar sem hvíldu leifar forfeðranna, þar sem hann var sjálfur

fæddur, eins og kona hans, veslingurinn, sem nú var dain fyrir nokkrum árum, og margir aðrir, sem honum voru kærir. Og þetta land kallaði hann ættjörðina sína, einu því nafni, sem mýkst er og hjartfólgnast af öllum þeim, sem borin eru fram af mennskum vörum.

Að máltíðinni lokinni, sem smakkaðist ferðafólkinu allvel, þó að hin flökrandi fisklykt væri enn í nösum þeirra og fyllti andrúmsloftið í húsinu, söfnuðust allir saman í stofunni yfir rjúkandi kaffibollum. Þar var fallett píanó. Til þess að þóknast gestum föður síns, söng unga, íslenska stúlkan þjóðvísu eina undir þunglyndislegu lagi, sem virtist eins og andvarp. Og þó var efni vísunnar það að lýsa náttúrufergurð Íslands í stoltum og innilegum tón, hinum endalausum jökulbreiðum, hinum ógnandi eldfjöllum, vatnsmiklu fossunum, dásemd sólarlagsins við heimskautsbauginn og norðurljósanna, hinum viðkvæmu, fögru blómum á þessum útkjálka veraldar og hinni miklu frægð skáldanna og hetjanna, sem þessi eyja hafði alið.

Þegar söng hennar var lokið, hófust samræður að nýju, og benti þá Sir James á ásigkomulag landsins, hve mjög það mundi breytast til batnaðar, ef járnbraut tengdi saman öll þorpini við ströndina, þar sem verzlað væri með fisk, og brýr og vegir lægju um landið.

Er Íslendingurinn heyrði þessi orð, drúpti hann höfði og varð hljóður. Það var eins og hann þyrði ekki að opna munninn til þess að bera blak af Íslendingum eða afsaka hið ömurlega ástand í landinu, þessu landi, sem var svo algerlega háð duttlungum eldfjallanna. Hann bryddi upp á nýju samtalsefni, sagði frá því, að franskt herskip, sem kom frá Norðurhöfða, nyrzta odða Skandinavíu, hefði komið við á Akureyri síðastliðið haust, og á einni nóttu hefði hrannazt upp að því svo mikill ís, að það varð að liggja þar til sumarbyrjunar árið eftir, er það loks gat haldið áfram ferð sinni.

Þessar umræður vöktu ekki hjá Silvíu hugsanir um járnbrautir og góða vegi, sem hin nauðsynlegustu fram-

faraskref hinnar íslenzku þjóðar, heldur um úthafið, þakið endalausri, þögulli ísbreiðu, án báru og brimlöðurs, er lá með íshröngli sínu fast að vogskornum ströndum Íslands. Henni þótti sem enginn gæti búið á þessum slóðum nema risar Niflheims, þeir er um getur í fornum munnmælum Norðurlandabúa, því að svo virtist umhverfið auðnarlegt, veturnir langir og næturnar ógurlega dimmar. Hún gat ekki stillt sig um að kveða upp úr með hugsanir sínar, og svaraði Íslendingurinn henni óðara með sinni venjulegu ljúfmennsku:

— Á hinum löngu vetrarnóttum, þegar heimilisfólk okkar hefur raðað sér fyrir framan arininn í stofunni eftir erfiði dagsins og alvarlegar námsiðkanir í sögu og bókmenntum, segir hver öðrum huldusögur og munnmæli, sem hafa inni að halda ýmsar minjar frá hjátrúarheimi fedra vorra og víðfeðmum draumlöndum hinna fornu skálda. Stundum ber þá ísjötnana á góma. Þeir hafa enn þá ekki horfið í djúp gleyskunnar eins og svo margar kynjaverur úr þjóðtrúnni. Þeir eiga sér bústaði norður undir heimskauti. Þeir eru ódauðlegir og svo miklir vexti, að þeir gnæfa upp yfir jökulöldurnar og ísborgirnar, sem glitra í öllum regnbogans litum. Þegar hinn langi vetur gengur í garð á Norðurlöndum, vakna þeir úr dvala og flykkjast utan um konung sinn, þar sem hann situr í hásæti einu ógurlega miklu úr ís og líkist helst gamla kónginum Jack Frost, — en svo segir í enskri þjóðsögu, að hann búi norður við heimskaut, og þegar hann andi frá sér, leggi höfin, stórhrið skelli á yfir alla Evrópu og borgarisinn fari að reka suður Atlantshaf.

„Ísjötnarnir eru stundum kallaðir tröll. Alþýðan trúir því, að þeir eigi feikna auðæfi og haldi strangan vörð um þau. Þeir ráða yfir öllum skipreika mönnum, sem þeir merkja sér á þann hátt að skera af þeim nefið, — eða svo segja nágrannar okkar, skrælingjarnir á Grænlandi. Þeir eiga hjarðir af hvölum, selum og hvítabjörnum. Og er þeir sitja á hinum himingnæfandi borgarísjökum, með glitrandi ísfeld

um herðarnar og gimsteinakórónu á höfðinu yfir hinum löngu, hvítu lokkum, þá er enginn konungur á jörðinni, sem kemst til jafns við þá að mikilúðleik og tignarsvip.“

Að svo mæltu sneri Íslendingurinn sér að skipstjóranum og spurði, hvort hann ætlaði sömu leið til baka með Vittoríu eða kysi heldur að fara hringinn austur um eyjuna. Skipstjóri kvað sig og féлага sína vera orðna langeyga eftir að komast heim og sjá aftur ástvinina, sem þar biðu þeirra, og þess vegna mundu þeir velja stytztu leiðina til baka.

Íslendingnum þótti leitt, að gestir hans skyldu láta undir höfuð leggjast að kynnast íslenzku strandlengjunni, sem enginn þeirra hafði enn þá séð alla nema Fowl skipstjóri, og fór hann að tala af hrifningu um það, hve fagurt er víða að horfa inn til landsins utan af hafinu, þegar siglt er austur um frá Akureyri. Á reiprennandi ensku og með smekklegu orðavali gaf hann áhrifamikla lýsingu á nokkrum stöðum á ströndinni, sem væru óviðjafnanlegir að tign og fegurð, hvort heldur væri um hádegið, er sólin lýsti yfir landið, eða að kvöldlagi, er allir litir regnbogans kviknuðu, ef svo má segja, yfir hafinu, yfir hinum snævipökku fjallstindum, jökulbreiðum og jakaborgum. Hann sagði enn fremur frá því, að eitt vetrarkvöld hefði hann þrátt fyrir hörkufrost úti yfirgefið hlýtt og bjart heimilið og gengið upp á hæð eina í grenndinni til að horfa yfir landið, sem þá laugaðist fölu skini norðurljósanna. Þá nótt var allt Ísland hulið jökli og djúpum snjó. Hafið lá kyrrt undir samfelldri ísbreiðu, sem gljáði eins og spegill og endurvarpaði frá sér rauðleitum bjarma. En á jöklunum og fjallatindunum, eins langt og augað eygði, var ekki annað að sjá undir hinu ævintýrlega uppljómaða himinhvolfi en dumbrautt endurskin, skæra glampa og roðasteinsleiftur.

Skipstjórinn tók undir það með Íslendingnum, að landsýnin á þessum slóðum væri vissulega tilkomumikil, þegar ekki skýldi henni hin geigvænlega svartapoka, sem oft liggur yfir landinu og hafinu þar í norðrinu. Meðan hann var að tala, lét Hrólfur sig dreyma um það að fá síðar að ferð-

ast um þetta land allt milli fjalls og fjöru, og Sir James játti með sjálfum sér, að það væri ekki að ástæðulausu, að Íslendingar telja landið sitt fegurra en nokkurt annað land í heimi.

Litlu síðar var staðið upp og þökkuðu ferðalangarnir hinum góða manni og dóttur hans kærlega fyrir alúðlegar viðtökur og héldu svo áleiðis niður að litlu höfninni til þess að fara aftur um borð í Vittoríu. Á leiðinni mælti skipstjórinn við farþegana:

— Áður en við kveðjum þessa ey, sem við höfum aðeins séð lítinn hluta af og þar sem unga fólkid hefði með lengri viðdvöl getað fræðzt um svo margt fleira, vil ég vekja athygli ykkar á því, að vart mun vera annars staðar að finna þjóðfélag í líkingu við þetta, sem sé mótað sumpart af þjóðfélagslegu frjálsslyndi og miklum jöfnuði í lífskjörum allra þjóðfélagsþegna, en sumpart af stoltri meðvitund um forna frægð.

Á leiðinni um götur Akureyrar skoðaði unga fólkid sig enn þá um forvitnislega, en ekki fannst því þó illt til þess að hugsa, að lagt yrði frá landi innan fárra mínútna. Það var ekki aðeins, að Miss Margaret væri ókvíðandi, heldur fylltist hún nú djúpum fögnuði í fyrsta sinn, síðan hún yfirgaf sitt kæra Bretland, af tilhugsuninni um það, að þetta væru síðustu skref hennar á þessari eyðilegu ey, sem hún skyldi sannarlega aldrei framar heimsækja. Og við sjálft lá, að gleðin yfir þessu kæmi henni til að gleyma, að enn þyrfti hún í nokkra daga að horfast í augu við hættur og ógnir Norðuríshafsins og Atlantshafsins.

Ekki voru menn fyrr komnir um borð en skipstjórinn gaf fyrirmæli um, að festar skyldu leystar í dagrenningu, þegar dagsljósið tæki við af hinni fölu birtu lágnettisins. Eftir það lagði hann sig allan fram til að skemmta unga fólkinu með sögum og fróðleik, svo að því skyldi ekki leiðast, og fékk þau Miss Margaret og Sir James í lið með sér. Nokkru seinna bauð hann öllum að koma upp á þiljur, en klæðast þykkum loðkápum vegna hins nístandi kulda,



og blasti þá við þeim nýstárleg og undursamleg sjón, þar sem var miðnætursólin, er nú í fyrsta skipti á árinu ljómaði niður við sjónhringinn í hánorðri og varpaði geislum sínum yfir norðurstrendur Íslands.

Nokkrum klukkutímum síðar, er ferðafólkið var allt í fasta svefni í káetum sínum, var létt akkerum, og Vittoría skreið hægt milli rekisjakanna út hinn langa og þrönga Eyjaförð og skildi eftir sig þykkann reykjarmökk, sem lagði upp í heiðríkt loftið.

ANDREAS HEUSLER:

Íslenzk þjóðareinkenni

Heusler var Svisslendingur (f. 1865, d. 1940), um skeið prófessor í germönskum fræðum við Berlínarháskóla, en síðar í Basel. Hann kom hingað 1895 og eitt sinn síðar. Eftir fyrri ferðina ritaði hann grein um landið í tímaritið „Deutsche Rundschau“ (1896), og er þessi kafli tekinn úr greininni.

Hjá Íslendingum kynntist maður merkilegu fyrirbæri, — háþroskaðri þjóð með engan verulegan stéttamun.

Það getur auðvitað ekki verið um það að ræða, að menn fæðist inn í stéttir eða að til séu stjórnmalaleg stéttaréttindi með jafnalþýðlegri þjóð. Það er að vísu kallað, að menn séu góðrar ættar, — en góð ætt er sú, sem getur rakið sig til ágæts föður eða forföður, er hefur verið þjóðþrifamaður: höfðingdómur andans, sem engar þjóðfélagsskorður reisir. Það er ekki minnst um vert, að starfið setur engin stéttaskil. Atvinnugreinir, sem þjóðfélagsleg gjá skilur hjá okkur, liggja hér samsíða í friði.

Ég tilfæri nokkur dæmi. Maðurinn, sem stjórnaði lest okkar af hinni mestu dyggð yfir fjöll og vann öll erfiðisverk fyrir okkur, Þorgrímur Guðmundsen, er bróðir sýslumanns, það er héraðsstjóra með lagamenntun. Auk þess sem Þorgrímur er fylgdarmaður útlendinga, er hann á veturna kennari við kvennaskólann. Árum saman stundaði hann sjóróðra. Samtímis bauðst ungur læknir, sem var nýkominn frá Kaupmannahöfn í því skyni að fara að sinna læknisstörfum, til þess að gerast fylgdarmaður okkar. Þá